



Alþýðusamband Íslands

Ályktun ársfundar ASÍ 2010 um atvinnumál

Hvernig getum við bætt atvinnuástandið strax?

Atvinnulausum hefur fjölgað mjög hratt í kreppunni eða úr 2.520 manns í september 2008 í 12.650 manns í september í ár sem er u.þ.b. fimmföldun. Á heildina litið hefur ástandið skánað örlítið yfir sumarmánuðina en sækir í sama farið yfir veturinn. Það er sérstakt áhyggjuefni hvað langtímaatvinnuleysi hefur aukist mikið upp á síðkastið, en um 57% atvinnulausra hefur verið án vinnu lengur en sex mánuði.

Til að bæta atvinnuástandið strax er mikilvægt að koma þeim verkefnum sem nú þegar hafa verið ákveðin í gang hið fyrsta. Á sama tíma þarf að stuðla að auknum viðhaldsverkefnum á vegum hins opinbera og með því skapa fleiri störf strax. Brýnt er að stjórnvöld og bankar styðji við fyrirtækin sem fyrir eru þannig að þau verði rekstarhæf á ný. Leggja skal áherslu á að auka ferðamannaþjónustu, grunnurinn að því eru stórbættar samgöngur. Sinna þarf betur nýsköpun og frumkvöðlastarfi. Auka þarf fullvinnslu afurða og einnig eru vaxtasprotar í grænmetisframleiðslu. Nýta má það hálfbyggða húsnæði sem fyrir er, til endurreisnar félagslega húsnæðiskerfisins og skapa um leið fleiri störf.

Mikilvægt er að settar verði skýrari reglur um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra, þar sem áhersla verði lögð á siðferði og ábyrgð. Þetta gildir um endurreisn atvinnulífsins sem nú stendur yfir, þar sem áhersla þarf að vera á gagnsæi og traust á því sem þar er gert. Þetta gildir einnig til framtíðar, þannig að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja verði eðlilegur þáttur í allri umfjöllun og ákvarðanatöku í atvinnulífinu.

Stefna ASÍ

- Beita sér fyrir því að koma af stað þeim verkefnum sem þegar hafa verið teknar ákvarðanir um; álver, virkjanir, vegaframkvæmdir, sjúkrahús, fangelsi.
- Beita sér fyrir því að farið verði í mannaflsfrekar framkvæmdir og viðhald opinberra bygginga – þar má nýta betur krafta atvinnuleitenda.
- Beita sér fyrir því að efla ferðaþjónustu og bæta aðstöðu við vinsæla ferðamannastaði – að bæta samgöngumannvirki er þar grundvallaratriði.
- Beita sér fyrir átaki í fullvinnslu á íslenskum vörum og efla markaðssetningu þeirra – bæta upprunamerkingar.
- Beita sér fyrir brautargengi nýrra hugmynda – gera kleift að koma þeim í framkvæmd með því að styðja við sprotafyrirtæki.

Verkefni ASÍ

- ASÍ hafi forystu um að sameina ólík sjónarmið þeirra sem vilja stuðla að aukinni fullvinnslu.
- ASÍ hafi forystu um sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýtingu gæða á sjálfbæran hátt.
- ASÍ leggi áherslu á tímabundnar auknar veiðiheimildir, í samræmi við afrakstursgetu fiskistofnanna.
- ASÍ hafi frumkvæði að breyttri nálgun í þjóðfélagsumræðunni með aukinni víðsýni og hugarfarsbreytingu.
- ASÍ stuðli að aukinni starfsmenntun í atvinnulífinu, geri launamönnum kleift að sækja sér meiri menntun og ekki síður að leita inn á nýjar brautir.